

Mál nr. 28/2015
M og
vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar A.

Starfsmaður sem ók rafmagnssópi slasaðist þegar hún ók á öryggisgirðingu þ. 3.4.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 12.1.2015 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 11.2.2015 ásamt ljósmyndum.

Málsatvik.

M ók rafmagnssópi og ók sópnunum of nálægt öryggishandriði. Þegar M ætlaði að sveigja frá varð hægri upphandleggur á milli veltigrindar sópsins og öryggishandriðsins með þeim afleiðingum að M slasaðist. M segist hafa verið að aka umræddum sóp í fyrsta skipti. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu A og byggir á því að verkstjórn hafi verið áfátt og hún hafi fengið litla sem enga leiðsögn um framkvæmd starfsins. M segir öryggisútbúnað sópsins hafa verið ófullnægjandi. M bendir á gr. 23.a í skaðabótalögum nr. 50/1993 og greinargerðar með frumvarpi til breytingalaga nr. 124/2009. Loks byggir M á að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni við akstur skráningarskylds vélknúins ökutækis sbr. 88. gr. 1. ml. 1. mgr. umferðarlaga nr. 50/1987. V hafnar bótaskyldu og segir rangt og ósannað að sópurinn hafi ekki látið að stjórn, en M hafi hallað sér út fyrir veltigrind tækisins. V segir að M haldið störfum áfram eftir slysið og því hafi A ekki verið skylt að tilkynna atvikið umsvifalaust til Vinnueftirlitsins. V hafnar því að slys M verði rakið til ófullnægjandi verkstjórnar eða skorts á þjálfun enda sé sópurinn einfaldur í notkun. V hafnar því að sópurinn hafi ekki verið búinn í samræmi við lög og reglur enda hafi hann fengið fullnaðarskoðun til ársins 2015. Þá hafnar V að í gr. 23.a skaðabótalaga felist hlutlæg ábyrgðarregla. V segir að sópurinn sem M notaði sé ekki skráningarskylt ökutæki í skilningi umferðarlaga og bendir m.a. á reglugerð 751/2003.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir slysi vegna vanbúnaðar á tækinu sem hún vann á í umrætt sinn eða slysið megi rekja til skorts á verkstjórn eða leiðbeininga. Tækið sem M vann á er ekki skráningarskylt ökutæki og því eiga ákvæði 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ekki við. Þar sem M hefur ekki sýnt fram á að slys hennar megi rekja til atvika sem varða sök A eða aðila sem A ber ábyrgð á og ekki er sýnt fram á vanbúnað eða galla eða bilunar í rafmagnssópnum sem um ræðir þá á M ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 3.3. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.